

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1294****2019/EES/44/18****frá 26. september 2018****um að samþykkja ekki tjöru, sem er unnin úr strandfuru, sem grunnefni í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 22. desember 2015 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Progarein France SAS um samþykki fyrir tjöru, sem er unnin úr strandfuru, sem grunnefni Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annari undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um tjöru, sem er unnin úr strandfuru, fyrir framkvæmdastjórnina 30. október 2017 ⁽²⁾. Hinn 24. maí 2018 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð um að samþykkja ekki tjöru, sem er unnin úr strandfuru, fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 20. júlí 2018.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna ekki að tjara, sem er unnin úr strandfuru, uppfylli viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾.
- 4) Í tæknilegri skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar voru hins vegar tilgreind sértæk áhyggjuefni varðandi tjöru sem er unnin úr strandfuru. Tjara, sem er unnin úr strandfuru, er flókin efnablanda og er nákvæm samsetning hennar ekki þekkt. Líta ætti á tjöru, sem er unnin úr strandfuru, sem efni sem gefur tilefni til áhyggna þar sem hún getur innihaldið efni sem gefa tilefni til áhyggna (t.d. fúrfúral, fenól). Enn fremur er ekki hægt að útiloka tilvist sérlega varasamra efna (t.d. krabbameinsvaldandi erfðaeiturs á borð við fjölhringa, arómatísk vetniskolefni). Að auki var ekki hægt að ljúka mati á áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur og neytendur á grundvelli gagnanna í umsókninni.
- 5) Ekki lá fyrir neitt mat, sem skipti máli, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 8) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki tjöru, sem er unnin úr strandfuru, sem grunnefni.
- 9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir tjöru, sem er unnin úr strandfuru, sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 243, 27.9.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2019 frá 8. maí 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2017. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for Landes pine tar for use in plant protection as protectant and repellent“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins tjöru, sem er unnin úr strandfuru, til notkunar við plöntuvernd sem varnarefni og fæliefni). EFSA supporting publication 2017:EN-1311. 57 bls.

(3) <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið tjara, sem er unnin úr strandfuru, er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
